



16. mars 2021

## Háskólanemar og sumarstörf

Könnun þessi var unnin af Stúdentaráði Háskóla Íslands í samstarfi við Landssamtök íslenskra stúdenta og mennta- og menningarmálaráðuneytinu en framkvæmd af Maskínu. Markmiðið var að kanna líðan og stöðu stúdenta á vinnumarkaði í tengslum við kórónuveirufaraldurinn. Um er að ræða úrtakskönnun sem fór á nemendur við sjö háskóla á landinu þann 29. maí 2020 og lokaði 11. júní 2020. Þátttakendur voru 2640 talsins. Niðurstöður þessarar könnunar hafa ekki verið birtar formlega af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir Stúdentaráðs.

Umrædd könnun, númer fjögur í röðinni, var gerð í kjölfarið annarrar samstarfskönnunar Stúdentaráðs með ráðuneytinu og Landssamtökum íslenskra stúdenta, sem má finna [hér](#). Niðurstöður hennar sýndu 38.9% atvinnuleysi meðal stúdenta þvert á skóla landsins, sem var jafn hátt hlutfall og í annarri könnun Stúdentaráðs frá [6. apríl](#). Spurningalistinn og aðferðafræðin var yfirfarin af ráðuneytinu áður en hún var send út en niðurstöðurnar ekki litnar alvarlegum augum, og því ákvað mennta- og menningarmálaráðuneytið að fá óháðan aðila til að senda út fjórðu könnunina, til að fá raunverulegar tölur.

Vinnumálastofnun opnaði fyrir umsóknir í sumarstörf þann 26. maí 2020 þannig að það var viðbúið að niðurstöðurnar myndu sýna að staða stúdenta hefði skánað. Tölurnar sýndu minnkað hlutfall atvinnulausra og betri líðan stúdenta, sem var mjög jákvætt. Hins vegar var enn 16,2% atvinnuleysi meðal stúdenta og þótti Stúdentaráði réttast að kanna betur hvers vegna það væri og sömuleiðis hvað væri hægt að gera betur. Ekki var tekið tillit til þessa.

Niðurstöður þessar eru að birtast fyrst hér. **Ítarlegri niðurstöður og sundurliðun er að finna hér.**

### Mikilvæg atriði sem draga má af niðurstöðunum:


- Atvinnuleysi meðal stúdenta var enn **16,2%** í júní
- **43,6%** stúdenta af þeim sem voru atvinnulausir sáu fyrir sér að fara í sumarnám og **17,6%** aðeins ef þau yrðu ennþá atvinnulaus
- **69,4%** stúdentar af þeim sem voru atvinnulausir höfðu ekki fengið boð um sumarstarf í júní og **25,4%** voru komin með sumarstarf en misst það
- **67,4%** þeirra sem ekki voru komin með starf sögðust mundu eiga erfitt með að mæta útgjöldum sínum í sumar og **23,8%** sögðu það verða í meðallagi
  - Sömuleiðis sögðust 64,3% þeirra sem voru komin með starf eiga auðvelt með að mæta útgjöldum sínum
- Flestir svarenda eða **65,8%**, af þeim sem sögðust ætla að skrá sig í sumarnámskeið, sögðust ekki ætla að sækja um námslán jafnvel þó þau yrðu atvinnulaus

- **45%** þótti skrásetningargjöld við opinbera háskóla vera lítið eða ekki íþyngjandi og **30%** þótti það fremur eða mjög íþyngjandi.
- Á skalanum 0-10 (0 verandi mjög óhamingjusamur/söm og 10 verandi mjög hamingjusamur/söm) sögðust flestir svarendur, eða **29,3%**, staðsettu sig á 8 á skalanum. Meirihluti svarenda staðsettu sig fyrir ofan 5 á skalanum.


Í samskiptum Stúdentaráðs við stjórnvöld gagnrýndi ráðið framsetningu á niðurstöðum könnunarinnar þar sem af þessum 16.2% voru dregin af 6,%, sem voru þau sem ætluðu í sumarnám, og svo önnur 0.5% sem höfðu þegar fengið boð um starf. Þannig var meiningin að sýna fram á að aðeins 9.2% stúdenta væru atvinnulausir. Það gat ekki staðist. Að fara í sumarnám er með engu móti það sama og að eiga starf sér til framfærslu. Af þessum sem ætluðu í sumarnám voru líka 10.5% sem sögðust ætla að vera á námslánnum samhliða. Það er skuldsetning. Atvinnuleysi mældist enn meðal stúdenta og þörf var á viðbrögðum.

## máskína


2. Ert þú komin(n) með sumarstarf á Íslandi?




11. Hversu auðvelt eða erfitt telur þú það muni vera fyrir þig að mæta útgjöldum þínum í sumar?



6. Ætlar þú að taka sumarnámskeið við háskóla á Íslandi í sumar? - Atvinnulausir



4. Hvað af eftirfarandi á best við um þig? - Atvinnulausir



Nemendur í atvinnuleit

Ætla á sumarnámskeið

Boð um starf


Án atvinnu í sumar

$$16,2\% - 6,5\% - 0,5\% = 9,2\%$$




## 1. Við hvaða háskóla stundaðir þú nám á vorönn?

- a. Flestir svarenda voru stúdentar við Háskóla Íslands eða 60,9% og því næst frá Háskólanum í Reykjavík eða 16%.



## 2. Ert þú komin(n) með sumarstarf á Íslandi?


- a. Flestir svarenda, eða 63,2% voru komin með fullt starf sumarið 2020 og 15,3% voru komin með hlutastarf. Þá voru 16,2% sem voru enn í atvinnuleit.



### 3. Voru gerðar eftirfarandi breytingar á þínu starfi vegna Covid-19?

Aðeins þau sem sögðust vera komin með sumarstarf (spurning 2) fengu þessa spurningu. Hér var í boði að velja fleira en eitt svar og er það þess vegna sem svörin eru fleiri en svarendur.


- a. Af þeim sem höfðu þegar fengið sumarstarf sögðu 15,6% að starfshlutfallið þeirra hefði verið lækkað og 3,1% lækkuðu í launum.



### 4. Hvað af eftirfarandi á best við um þig?

Aðeins þau sem sögðust ekki vera komnir með sumarstarf en væru í atvinnuleit (sp. 2) fengu þessa spurningu. Hér var í boði að velja fleira en eitt svar og er það þess vegna sem svörin eru fleiri en svarendur.

- a. Af þeim sem voru ekki komin með sumarstarf höfðu 25% verið komin með sumarstarf en misst það og 69,4% höfðu ekki fengið boð um starf. Þá voru 3,5% sem höfðu fengið boð um starf en ekki verið búin að samþykkja það og 2,8% höfðu hafnað boðinu.



## 5. Varst þú í sumarstarfi hér á landi í fyrra?

- a. 77,2% svarenda sögðust hafa verið í fullu starfi sumarið 2019 og 11,3% sögðust hafa verið í hlutastarfi. Þá voru 9,5% sem sögðust ekki hafa verið í starfi en 2% sögðust ekki hafa verið í starfi en verið í atvinnuleit.

	Fjöldi	%	
Já, í hlutastarfi	264	11,3%	11,3%
Já, í fullu starfi það sumar	1.811	77,2%	77,2%
Nei en leitaði að starfi síðasta sumar	48	2,0%	2,0%
Nei, ég var ekki í vinnu	222	9,5%	9,5%
Gild svör	2.345	100,0%	
Svöruðu ekki	48	1,8%	
Á ekki við	247	9,4%	
Heildarfjöldi	2.640	100,0%	

## 6. Ætlar þú að taka sumarnámskeið við háskóla á Íslandi í sumar?


- a. Meirihluti svarenda eða 70,4% sögðust ekki ætla að taka sumarnámskeið 2020. 18,2% sögðust ætla að taka námskeið og 3,8% sögðust aðeins ætla að gera það ef þau yrðu atvinnulaus. Þá voru 7,6% sem voru óviss.

	Fjöldi	%	
Já	427	18,2%	18,2%
Já en bara ef ég verð atvinnulaus	90	3,8%	3,8%
Nei	1.652	70,4%	70,4%
Veit ekki	179	7,6%	7,6%
Gild svör	2.348	100,0%	
Svöruðu ekki	261	9,9%	
Á ekki við	31	1,2%	
Heildarfjöldi	2.640	100,0%	

## 7. Stefnir þú á að sækja um lán hjá LÍN vegna sumarnáms?

Aðeins þau sem sögðust ætla að skrá sig á sumarnámskeið (sp. 6) fengu þessa spurningu.


- a. Flestir svarenda eða 65,8% sögðust ekki ætla að sækja um námslán jafnvel þó þau yrðu atvinnulaus. Þá sögðust 10,5% ætla að sækja um námslán og 11,7% sögðust aðeins gera það ef þau yrðu atvinnulaus. Þá voru 12,1% sem voru óviss.



## 8. Hversu margar einingar er líklegt að þú takir í sumarnámi?

Aðeins þau sem sögðust ætla að skrá sig á sumarnámskeið (sp. 6) fengu þessa spurningu.


- a. 39,7% svarenda sögðust ætla að taka 3 til 6 einingar í sumarnámi. 33% sögðust ætla að taka 7 til 12 einingar og 27,3% sögðust taka 13 til 20 einingar.



## 9. Eru skrásetningargjöld við opinbera háskóla íþyngjandi eða ekki fyrir þig?

- a. 21% svarenda þótti skrásetningargjöld við opinbera háskóla ekki vera íþyngjandi og 24,1% þótti það lítið íþyngjandi. 20% þótti skrásetningargjaldið fremur íþyngjandi og 9,9% þótti það mjög íþyngjandi.

	Fjöldi	%
Alls ekki íþyngjandi (5)	502	21,0%
Lítið íþyngjandi (4)	575	24,1%
Í meðallagi (3)	595	24,9%
Fremur íþyngjandi (2)	478	20,0%
Mjög íþyngjandi (1)	237	9,9%
Gild svör	2.387	100,0%
Svöruðu ekki	93	3,5%
Veit ekki/vil ekki svara	160	6,0%
Heildarfjöldi	2.640	100,0%



Meðaltal	3,26
Vikmörk (±):	0,01
Staðalfrávik	0,25

## 10. Almennt séð, hversu hamingjusamur/söm eða óhamingjusamur/söm myndir þú segja að þú værir á kvarðanum 0-10?

- a. Á skalanum 0-10 (0 verandi mjög óhamingjusamur/söm og 10 verandi mjög hamingjusamur/söm) sögðust 5,7% vera mjög hamingjusamur/söm og 0,3 sögðust vera mjög óhamingjusamur/söm. Flestir svarendur, eða 29,3%, staðsettu sig á 8 á skalanum. Meirihluti svarenda staðsettu sig fyrir ofan 5 á skalanum og var meðaltalið 7,11.


	Fjöldi	%
10 - Mjög hamingjusamur/-söm	145	5,7%
9	325	12,9%
8	738	29,3%
7	588	23,3%
6	321	12,7%
5	188	7,4%
4	89	3,5%
3	73	2,9%
2	30	1,2%
1	16	0,6%
0 - Mjög óhamingjusamur/-söm	8	0,3%
Gild svör	2.521	100,0%
Svöruðu ekki	119	4,5%
Heildarfjöldi	2.640	100,0%

Meðaltal	7,11
Vikmörk (±):	0,01
Staðalfrávik	0,26

## 11. Hversu auðvelt eða erfitt telur þú það muni vera fyrir þig að mæta útgjöldum þínum í sumar?

- a. 21% svarenda töldu sig muna eiga mjög auðvelt með að mæta sínum útgjöldum í sumar, 27% töldu sig muna eiga fremur auðvelt með að mæta sínum útgjöldum í sumar og 28% töldu sig muna eiga í meðallagi með að mæta sínum útgjöldum í sumar. Þá töldu 15,6% svarenda sig muna eiga fremur erfitt með að mæta útgjöldum sínum í sumar og 7,5% töldu sig muna eiga mjög erfitt með það.

	Fjöldi	%
Mjög auðvelt (5)	527	21,0%
Fremur auðvelt (4)	685	27,3%
Í meðallagi (3)	714	28,5%
Fremur erfitt (2)	390	15,6%
Mjög erfitt (1)	189	7,5%
Gild svör	2.504	100,0%
Svöruðu ekki	113	4,3%
Veit ekki/vil ekki svara	22	0,9%
Heildarfjöldi	2.640	100,0%




Meðaltal	3,39
Vikmörk (±):	0,01
Staðalfrávik	0,26

## 12. Hvað á best við um þína húsnæðisstöðu?

- a. 39,2% svarenda sögðust eiga heima í foreldrahúsum og 26,4% svarenda sögðust búa í eigin húsnæði. Þá sögðust 17,3% svarenda búa í leiguhúsnæði (utan Stúdentagarða) og 16,6% svarenda sögðust búa á Stúdentagörðunum. 0,5% svarenda sögðust búa annars staðar.

	Fjöldi	%
Íbúi á Stúdentagörðunum	410	16,6%
Í eigin húsnæði	652	26,4%
Í leiguhúsnæði (utan Stúdentagarða)	426	17,3%
Í foreldrahúsum	967	39,2%
By annars staðar	13	0,5%
Gild svör	2.469	100,0%
Svöruðu ekki	153	5,8%
Veit ekki/vil ekki svara	19	0,7%
Heildarfjöldi	2.640	100,0%






### 13. Hefur þú miklar eða litlar áhyggjur af því að missa húsnæðið sem þú ert í?

- a. 67,3% svarenda sögðust hafa mjög litlar/alls engar áhyggjur af því að missa húsnæðið sitt og 15,6% svarenda sögðust hafa fremur litlar áhyggjur af því að missa húsnæðið sitt. Þá sögðust 8,5% svarenda hafa í meðallagi áhyggjur af því að missa húsnæðið sitt og 5,7% svarenda sögðust hafa fremur miklar áhyggjur af því að missa húsnæðið sitt. 2,8% svarenda sögðust hafa mjög miklar áhyggjur af því að missa húsnæðið sitt.

	Fjöldi	%
Mjög litlar/Alls engar (5)	953	67,3%
Fremur litlar (4)	221	15,6%
Í meðallagi (3)	121	8,5%
Fremur miklar (2)	81	5,7%
Mjög miklar (1)	40	2,8%
Gild svör	1.415	100,0%
Svöruðu ekki	33	2,2%
Á ekki við	29	2,0%
Hef þegar þurft að gera breytingar á búsetu	11	0,7%
Heildarfjöldi	1.489	100,0%



Meðaltal	4,39
Vikmörk (±):	0,01
Staðalfrávik	0,26

Aðeins þeir sem sögðust búa á stúdentagörðum, í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði (sp. 12) fengu þessa spurningu.

### 14. Á skalanum 0-10, hversu miklar fjárhagsáhyggjur upplifir þú í þeim aðstæðum sem eru vegna Covid-19?


- a. Á skalanum 0-10 (0 verandi mjög miklar áhyggjur og 10 verandi alls engar áhyggjur) sögðust 14,8% svarenda upplifa alls engar fjárhagsáhyggjur í þeim aðstæðum sem eru vegna Covid-19 og 5,1% svarenda sögðust upplifa miklar fjárhagsáhyggjur. Þá er dreifing svara mikil en um 50% svarenda dreifast á 6 eða hærra á skalanum. 12,2% svarenda staðsettu sig á 5 á skalanum.

	Fjöldi	%
10 - Alls engar áhyggjur	367	14,8%
9	185	7,4%
8	277	11,1%
7	273	11,0%
6	142	5,7%
5	302	12,2%
4	279	11,2%
3	248	10,0%
2	179	7,2%
1	104	4,2%
0 - Mjög miklar áhyggjur	128	5,1%
Gild svör	2.483	100,0%
Svöruðu ekki	157	6,0%
Heildarfjöldi	2.640	100,0%

Meðaltal	5,69
Vikmörk (±):	0,01
Staðalfrávik	0,26


### 15. Hvaða staða átti best við um þig á vinnumarkaði fyrir Covid-19?

- a. 31,9% svarenda sögðust eingöngu vera í námi fyrir Covid-19. 37,2% svarenda sögðust vera í undir 50% hlutastarfi með skóla fyrir Covid-19 og 14,8% sögðust vera í eða yfir 50% hlutastarfi með skóla fyrir Covid-19. Þá sögðust 14,6% svarenda vera í 100% starfi með skóla fyrir Covid-19. 1,5% svarenda sögðust annað eiga við um sig á vinnumarkaði fyrir Covid-19.




### 16. Hvað á best við um þig?

- a. 92,3% svarenda sögðust vera íslenskur ríkisborgari, 2,9% svarenda sögðust vera alþjóðlegur nemi og 3,9% sögðust vera erlendur ríkisborgari með íslenska kennitölu, búið til langstíma á Íslandi. Þá voru 0,3% svarenda sem sögðust vera skiptinema og 0,5% svarenda sem sögðust vera erlendir ríkisborgarar. 0,1% svarenda sögðu að annað ætti best við um sig.




## 17. Hver er þín aðal námsgrein?

- a. Flestir svarendur, eða 23,1%, sögðust vera í verkfræði- og náttúruvísindum. Næst flestir, eða 20,6%, sögðust vera í heilbrigðisvísindum. Þá sögðu 18% svarenda vera í félagsvísindum, 10,1% sögðust vera í menntavísindum, 9,5% sögðust vera í hugvísindum og 8,8% sögðust vera í viðskiptafræði.




## 18. Hvað á best við um þína hjúskaparstöðu?

- a. 38,3% svarenda sögðust vera einhleyp/t/ur, 37,3% svarenda sögðust vera í hjónabandi eða í sambúð og 23,9% sögðust vera í sambandi en ekki sambúð.




### 19. Hvað á best við um þína fjölskyldustöðu?

- a. 75,2% svarenda sögðust vera barnlaus, 20,9% svarenda sögðust vera foreldri og 3,9% sögðust vera einstætt foreldri.




### 20. Hefur þú á síðustu 2 árum tekið námslán?

- a. 72,6% svarenda sögðust ekki hafa tekið námslán síðustu 2 ár. Þá sögðu 27,4% svarenda hafa tekið lán síðustu 2 ár.



## 21. Hvaðan kemur þú?

- a. Flestir svarendur, eða 60,7%, sögðust koma frá höfuðborgarsvæðinu. Næst flestir, eða 13%, sögðust koma frá norðurlandi og 6,8% svarenda sögðust koma frá suðurlandi.



## 22. Ég er:

- a. 67,2% svarenda sögðust vera kona, 32,2% svarenda sögðust vera karl og 0,6% svarenda sögðust vera kynsegin.

